

Jón Árnason, prentari



5. júní næstkomandi verður Jón Árnason prentari sjötugur. Hann er mörgum Reykvíkingum kunnur, og lesendur Fálkans hafa af honum nokkur kynni, því að við og við hafa þar birst eftir hann greinar um, stjórnspeki, en í þeim efnum mun Jón vera allra manna fróðastur hér á landi.

Sá, sem þessar línur ritar, kann ekki að rekja ættir Jóns Árnasonar eða segja mikið af æsku- og uppvaxtarárum hans. Ég hefi haft þá ánægju að kynnast honum talsvert, og hafa leiðir okkar legið saman vegna sameiginlegra áhugamála okkar beggja. En þau kynni hafa aðallega verið starfskynni, ef svo mætti að orði komast, og því að vissu leyti ópersónuleg. Ég hefi kynnst honum sem hinum áhugasama og einlæga starfsmanni, sem æfinlega er óhætt að treysta, og aldrei villir á, sér heimildir. Ég hef kynnst honum sem fræðimanni og fræðapul, og ég hefi einnig kynst honum sem miklum fullhuga, er sækir fram til sigurs á hverjum þeim orustuvelli, er hann haslar sér.

Jón Árnason er að eðlisfari bardagamaður og í svip hans og yfirbragði og framgöngu er oft eitthvað af anda hermennskunnar. Það er jafnvel ekki laust við, að stundum séu eins og stálblik í augum hans. En ég hefi einnig komist að raun um, að bak við brynju bardagamaðmannsins slær viðkvæmt hjarta.

Jón Árnason hefir starfað mjög í þremur félögum, sem sé Guðspekifélaginu, Góðtemplara-reglunni og í félagsskap Sam-Frimúrara. Allsstaðar hefir hann reynst nýtur og ötull starfsmaður, og allir, sem einhver kynni hafa af honum, kannast við áhuga hans og óvenjuleg heilindi í hverju máli.

Í persónulegum viðskiftum mun hann vera hreinskiftinn, og hið sama einkennir meðferð hans á þeim hugsjónamálum, sem hann annars ljær fylgi sitt. Á öllum sviðum vill hann hafa „hreinar línur“. Honum er ekki list sú léð að mæla tungum tveim eða bera kápuna á báðum öxlum. Þessvegna mun hann stundum hafa orðið óvinsæll um skeið af þeim mönnum, sem ekki hafa altaf verið jafn sókndjarfir og öruggir til stórræðanna. En aldrei munu þær óvinsældir hafa átt sér langan aldur eða staðið djúpum rótum, því að ósjálfrátt bera menn virðingu fyrir einlægni og heilindum, þegar eigingirni og lágum hvötum er ekki til að dreifa.

Ég minntist á það, að Jón Árnason muni vera allra manna best að sér í stjórnspeki. Ég er alls ófróður um það, hvernig stjórnuafstöðurnar hafa verið, þegar hann var borinn í þennan heim. En ég leyfi mér þó að fullyrða, að hann hafi verið fæddur undir einhverri heillastjörnu. Því að í raun og veru hefir hann verið hamingjusamur maður. Honum hefir gefist kostur á að starfa mikið og vel í þágu góðra málefna.

Og á sjötugsafmæli sínu 5. júní næstkomandi mun hann verða þess var, að margir kunna að meta störf hans og mannkosti.

Grétar Fells,
forseti Guðspekifélagsins.